

**Þín rödd í ráðum borgarinnar**  
Hugmynd frá samráðsvef Betri Reykjavík  
5. febrúar 2019

Heiti erindis: [Heldri borgarar fái mannsæmandi líf](#)  
Málaflokkur: Velferð  
Viðtakandi erindis: Velferðarráð  
Efst í málaflokknum: Já  
Meðal fimm efstu : Já, 5/5

Athugasemdir:

Fjöldi með hugmynd: 50	Fjöldi á móti hugmynd: 0
------------------------	--------------------------

**Lýsing:** Reykjavíkurborg á að sjá sóma sinn í að allir eldri borgarar hennar fái þá aðstoð sem þeir þurfa. Margir búa einir og eru ekki að lifa mannsæmandi lífi eins og ný rannsókn ber með sér. Berglind Soffía Blöndal rannsakaði þetta í meistararitgerð í næringarfræði. Vannæring er mjög algengt og þeir fá ekki þá aðstoð sem þeir þurfa til að viðhalda eðlilegu hreinlæti. Það vill enginn kvíða ellinni.

Rök með hugmynd:	Rök gegn hugmynd:
Svona er raunveruleikinn á Íslandi II; Í skýrslu starfshóps velferðarráðuneytisins og LEB um kjör aldraðra frá því des. s.l. kemur m.a. fram; Að á Íslandi eru nú um 3.000 manns sem eru 65 ára og eldri undir lágtekjumörkum	
Stór hluti þessa hóps býr í Reykjavík	
Það vilja allir að fólk lifi mannsæmandi lífi í ellinni	